

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Gaulverjabæjarhrepps 2003-2015.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 16. september 2005 staðfest aðalskipulag Gaulverjabæjarhrepps 2003-2015.

Uppdrættir og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Sveitarstjórn Gaulverjabæjarhrepps hefur samþykkt aðalskipulagsáætlunina og Skipulagsstofnun afgreitt hana til staðfestingar.

Aðalskipulagið öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 16. september 2005.

Sigríður Anna Þórðardóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Ölfuss 2002-2014, iðnaðarsvæði á Hellisheiði.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 16. september 2005 staðfest breytingu á aðalskipulagi Ölfuss 2002-2014, frá 4. janúar 2005.

Breytingarnar eru eftirfarandi:

- Iðnaðarsvæði austan Lambafellshnjúka stækkar til austurs og breikkar að þjóðvegi 1 og verður 41,2 ha í stað 27,9 ha.
- Óbyggt svæði undir Hverahlíð sunnan þjóðveggar 1 breytist í iðnaðarsvæði.
- Óbyggt 2000 m² svæði austan Hamragilsveggar um 500 m frá þjóðvegi 1 breytist í verslunar- og þjónustusvæði.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Ölfuss. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 16. september 2005.

Sigríður Anna Þórðardóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Kópavogs 2000-2012, stækkun miðbæjarsvæðis.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 16. september 2005 staðfest breytingu á aðalskipulagi Kópavogs 2000-2012, frá 23. apríl 2002.